

27. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 48, 10. nóvember 1905, um bændaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast, í samráði sið stjórn Búnaðarfelags Íslands' að gera þær breytingar á skipulagi bændaskólans á Hólum, sem hjer verða taldar:

- a. að bæta undirbúningsdeild við skólann, þar sem veitt verði almenn lýðskólafræðsla,
- b. að auka, svo að miklu nemi kröfurnar, til verklegs náms nemandanna, við jarðrækt, búfjárhirðing og önnur landbúnaðarstörf,
- c. að reka skólabúið fyrir opinberan reikning, enda verði skólastjórinn þá jafnframt bústjóri og gerður um það sjerstakur samningur við hann.
- d. að láta verða þær breytingar á kennaraliði skólans og reglugerð hans sem nauðsynlegar eru til þess að reka skólann með þessu skipulagi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alkunnugt er að á hinum síðari árum hafa heyrst raddir um að breyta þyrfti bændaskólunum, einkum í þá átt að auka verklega námið, enda eru nú liðin meir en 20 ár síðan lög voru sett um þá.

Nú stendur svo á að gera má ráð fyrir að skólastjóraskifti verði á Hólum, svo að tækifæri væri gott til þess að koma á breyttu skipulagi við þann skóla. Hefir sá skóli og verið miður sóltur, svo mörgum árum skiftir. Virðist því liggja beint við að reyna nýtt skipulag þar, en hinn bændaskólinn starfi áfram á sama grundvelli og áður, enda hefir hann notið mikillar aðsóknar.

Hjer er að eins gert ráð fyrir heimild fyrir landsstjórnina í samráði við Búnaðarfelag Íslands. Hið nýja skipulag yrði að setjast í náinni samvinnu við og hliðsjón af þeim manni, sem væntanlega tæki við forstöðu skóla og skólabús á Hólum, en sá maður er að sjalfsögðu ófundinn enn. Um einstök atriði í nýju skipulagi skólans, ef til kæmi, er hjer ekki ákveðið, heldur gert ráð fyrir að það verði gert með reglugerð. Í lögum verður hvort sem er aldrei kveðið til hlítar á um slíkt. Eins og oft hefir verið tekið fram, verður það að fara saman, ef auka á verklega námið verulega, svo að búið yrði um ýmislegt rekið beinlínis með kenslu fyrir námssveinana fyrir augum, að reka búið á opinberan kostnað. — Undirbúningsdeild, með lýðskólasniði, í sambandi við skólann, ætti ekki að krefjast aukinna kenslukrafta. En hún ætti að verða til þess að glæða aðsókn að skólanum. En henni samfara þyrfti sú breyting að verða á kennaraliðinu að

einn kennaranna a. m. k. yrði lýðskólakennari sem ekki þyrfti að hafa sjer-
mentun í búfræði.

28. Framvarp

til laga um eignar- og notkunarrjett hveraorku.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

1. gr.

Landareign hverri innan þinglýstra takmarka, fylgir rjettur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita) sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveragufunnar og loftsins, eða laugavatns liggur svo í landareign beggja landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá hver landeigandi eiga helming.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um rjettindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar hagnýta hvera- eða laugaorkuna, sem er sameiginleg, en hinn ekki, og getur þá hinn fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans landi. Hinn síðari á engar bætur fyrir orkuna, en hann getur hvenær sem er, síðar leyst inn sinn hluta til þess að hagnýta hana sjálfur.

Óheimilt er hver- eða laugareiganda að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, er hverinn þeytir frá sjer, eða afrensli laugar.

3. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitarjettindi, nema með sjerstöku leyfi ráðherra. Kaup á slíkum rjettindum eru landkaup.

4. gr.

Landeiganda er rjett að hagnýta sjer hvera og laugar, eða ráðstafa þeim, eins og honum þykir best henta, sbr. þó 2. gr. Hann hefir rjett til að stífla frárensli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garð um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, án þess hætta stafi af, eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sjerstakri heimild.

Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sjerstök hætta stafar af.